

Heilbrigðisnefnd
Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.
14. mars 2022.
1. fundur

Mánudaginn 14. mars 2022 var haldinn 1. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) samkvæmt samþykktum um heilbrigðisnefnd sem tók gildi 16. febrúar 2022.

Allir aðalmenn tóku sæti á fundinum. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson, Ríkhartur F. Friðriksson og Þóra Dögg Jörundsdóttir.

1. Samþykktir

1.1. Tilnefningar í heilbrigðisnefnd

Eftirtaldir fulltrúar hafa verið tilnefndir í heilbrigðisnefnd í samræmi við samþykktir um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Garðabær: Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður, Jón Bjarni Þorsteinsson varamaður.

Hafnarfjörður: Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður, Guðmundur Sigurðsson varamaður.

Kópavogur: Jón Haukur Ingvason aðalmaður, vantar varamann tilnefndir af Kópavogi.

Mosfellsbær: Arna Björk Hagalínsdóttir aðalmaður, Örvar Þór Guðmundsson varamaður.

Seltjarnarnes: Sigrún Edda Jónsdóttir aðalmaður.

Samtök atvinnulífsins: Gnýr Guðmundsson aðalmaður, Bryndís Skúladóttir varamaður.

Í samræmi við ákvæði 2. grein, 2.2. skiptir Heilbrigðisnefnd með sér verkum á fyrsta fundi og er lagt til að Linda Hrönn Þórisdóttir verði formaður og Jón Haukur Ingvason verði varaformaður.

Bókun:

Samþykkt einróma.

2. Skipulagsmál


2.1. Miðsvæði 116-M Mosfellsbær - Skipulagslýsing.

Lagt fram erindi frá Kristni Pálssyni skipulagsfulltrúa, þar sem óskað er eftir umsögnum um breytingar á fjölda skráðra eigna og íbúða á miðbæjarsvæðinu 116-M.

Lýsingin kynnir breytingu sem að felur í sér að uppfæra töflu í aðalskipulagi sem tilgreinir fjölda skráðra eigna og íbúða á miðbæjarsvæðinu 116-M. Tillagan miðar að því að halda áfram uppbyggingu miðbæjar Mosfellsbæjar með það að markmiði að bjóða fjölbreytta búsetukosti í nálægð við þjónustu og áætlaðar almenningssamgöngur. Skilgreina á einnig frekar uppbyggingu íbúða aldraðra í Bjarkarholti sem tengjast mun þjónustu og starfsemi Eirar. Lýsingin fjallar því um fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu er tengist þeirri þjónustuuppbyggingu. Umsagnartíminn er auglýstur 3. febrúar til 21. febrúar 2022.

Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið saman eftirfarandi umsögn.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða þéttingu. Heilbrigðisnefnd vill þó benda á að með fjölgun íbúða á miðbæjarsvæðinu og mögulega hærri byggingum er líklegt að meira reyni á nálægð við Vesturlandsveg og þarf því að huga vel að hljóðvist og



loftmengun frá Vesturlandsvegi, þá er mikilvægt að samhliða uppbyggingu svæðisins verði kynntar mótvægisáðgerðir ef niðurstaða hljóðvistar er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

Að gefnu tilefni vekur heilbrigðisnefnd líka athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar t.d. hljóðvist innan bygginga. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Jafnframt er ástæða til að gera ítarlegar kröfur á framkvæmdatíma um hljóðvarnir og að framkvæmdaraðilum verði gert að kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða tímalengd framkvæmda í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir umsögnina að sinni.

2.2. Aðalskipulagsbreyting í Mosfellsbæ – Landbúnaðarland Dallands 527.

Breytingin felur í sér að stækka landbúnaðarland við Dalland 527-L um 6,1 ha. til austurs. Landið er skilgreint sem „óbyggt svæði“ í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Skilgreint svæði stækkar úr 16,6 í 22,7 ha. Engar breytingar eru gerðar á almennum skilmálum aðalskipulags er varða landbúnað. Umrætt svæði er utan hverfis- og eða vatnsverndar.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerði umsögn um tillögu að þessari aðalskipulagsbreytingu með bréfi dagsettu 19. febrúar 2021 og gerði ekki athugasemdir við hana.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við auglýsta aðalskiplagsbreytingu.

2.3. Arnarnesvegur frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut. Deiliskipulag.

Lagt fram erindi frá Kópavogsbæ dags. 22.01.2022 þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðisnefndar um tillögu að deiliskipulagi fyrir 3ja áfanga Arnarnesvegar. Um er að ræða 1.9 km veg sem liggur frá gatnamótum Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar.

Við gatnamót Rjúpnavegar og Arnarnesvegar er gert ráð fyrir nýju hringtorgi sem og við gatnamót Vatnsendavegar og Arnarnesvegar. Þá er gert ráð fyrir fjögurra akreina brú yfir Breiðholtsbraut og tengingu við Breiðholtsbraut með ljósastýrðum gatnamótum. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti hans liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir Arnarnesveginn.

Bókun:

Í svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins og í Aðalskipulagi Kópavogs er gerð ráð fyrir legu Arnarnesvegar. Gerð Arnarnesvegar mun tryggja aukið umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og tengja saman efri byggðir Reykjavíkur, Garðabæjar og Kópavogs. Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um þau áform á fyrri stigum.

Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn áformuðum framkvæmdum en leggur mikla áherslu á að tryggð verði góð hljóðvist í námunda vegar. Því er fagnað að með 3. áfanga verður opnuð

leið fyrir gangandi og hjólandi umferð upp í gegnum Kópavog og yfir í Elliðaárdal og einnig að áform um lækkun á kafla Arnarnesvegur mun bæta hljóðvist í nærliggjandi hverfum.

2.4. Skipulagslýsing fyrir Arnarland, breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulag fyrir Arnarland.

A fundi Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness sem haldinn var 14. mars 2022 var lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dagsett 8. febrúar 2022 þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar um skipulagslýsingu fyrir Arnarland vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulags Arnarlands (Arnarnesháls). Frestur til að veita umsögn var til 8. mars 2022.

Skipulagssvæðið nær til svæðis sem í dag er skilgreint sem svæði verslunar og þjónustu í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Arnarnesvegi og sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs. Í skipulagslýsingunni er gert ráð fyrir blandaðri byggð, heilsutengdri starfsemi og íbúðum sem sérstaklega er ætlaðar íbúum eldri en 50 ára. Á jaðri svæðisins er gert ráð fyrir biðstöð Borgarlínu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomna skipulagslýsingu. Nefndin felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum sem fram komu á fundi nefndarinnar er varða m.a. hljóðvist og aðgreiningu milli atvinnulífs og íbúða.

2.5. Stofn- og samgöngustígur á Arnarnesi, breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 14. mars 2022 var lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dags. 7. febrúar 2022 þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar um tillögu að a deiliskipulagsbreytingu á Arnarnesi, er varðar stofn- og samgöngustíg.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að mestu óbreyttri legu núverandi stigar meðfram Hafnarfjarðarvegi en með aðgreiningu á gangandi og hjóland umferðar. Stígurinn er leiddur í undirgöng undir Arnarnesveg en tengingar við stígakerfið þar. Hljóðmanir verða milli stígs og vegar en girðingar milli stíg og aðliggjandi lóða.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi.

2.6. Deiliskipulagsbreyting, Kaupún í Garðabæ.

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 14. mars 2022 var lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dagsett 7. febrúar 2022 þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Kaupúns (- verslunar og þjónustusvæði í Urriðaholti í Garðabæ). Frestur til að veita umsögn var til 14. mars 2022.

Við breytingu á deiliskipulag mun lóð Kaupúns 4 (IKEA) stækka til vesturs. Hámarks byggingamagn á lóð fer úr 22.500 m² í 35.500m² með möguleika á bílajakallara undir nýbyggingu sem er utan ofangreindra marka. Þá mun bílastæðum fjölgað og þá aðallega vestan hússins.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Nefndin felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum sem fram komu á fundi nefndarinnar er varða m.a. ásjón svæðis og hugsanleg áhrif á grunnvatnsflæði.

2.7. Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurlag afleggjara að mörkum Hafnarfjarðar og sveitarfélagsins Voga.

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 14. mars 2022 var lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 14. febrúar þar sem óskað er umsagnar á breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu vegna breytingu, en fallið er frá því að breyta mislægum gatnamótum norðan Reykjanesbrautar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd vísar í fyrri bókun um breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurlag að Hvassahrauni, en heilbrigðisnefnd veitti jákvæða umsögn um þá tillögu. Þar kom fram að nefndin telur að boðaðar framkvæmdir muni bæta umferðaröryggi á Reykjanesbrautinni og tengingar við hana.

3. Umsagnir

3.1. Umsögn um reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Lagt fram til kynningar umsögn um reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Ákvæði um leiksvæði og leikvallartæki voru upprunalega í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, í kafla um lóðir skóla, leikskóla og gæsluvelli en náði þá ekki til opinna leiksvæða. Núverandi reglugerð um öryggi leikvallatækja er frá 2002 og átti að endurskoða hana fyrir 1. janúar 2008. Sú endurskoðun dróst en hér eru komin fram fyrstu drög að heildarendurskoðun á reglugerðinni.

Í umsögnin er vakin athygli á að stjórnvöld hafi haft þá stefnu að einfalda regluverk og íþyngja ekki atvinnulífi og starfsemi með óþarflega flóknu regluverki. Spyrja megi sig hvort þessi drög að reglugerð samræmist þeirri stefnu? Í umsögnin eru gerðar nánari athugasemdir við einstakar greinar reglugerðarinnar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir þær áherslur sem fram koma í umsögninni.

3.2. Umsögn um veitingu undanþágu vegna dýrahalds í leikskóla

Með erindi dags. 22. febrúar 2022 óskaði Umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness vegna beiðni frá leikskólanum Krakkakoti, Skólavegi, Garðabæ um að halda dýr á lóð skólans sem og í húsnæði hans.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits er jákvæð og telur eftirlitið ólíklegt að dýrahald á lóð leikskólans sem og húsnæði hans ógni almennt öryggi og heilbrigði barna á leikskólanum.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir fram komna umsögn.

4. Önnur mál

4.1. Samþykktir um hundahald

Lagt fram til kynningar samþykktir og athugasemdir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu á drögum á samþykktum um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og

Seltjarnarnesi. Drögin hafa verið samþykkt með lítilsháttar breytingum sem skýra og orða samþykktina þannig að hún verði enn skýrari en þau drög sem liggja fyrir.

Þá hafa athugasemdir borist frá félagi ábyrgra hundaeigenda við þau drög sem fyrir liggja og eru samþykktirnar uppfærðar í samræmi við þær athugasemdir sem þar koma fram og hafa verið samþykktar m.a. af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Umhverfissráðuneytinu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd leggur til að fram komnar athugasemdir verði teknar til greina og drögunum breytt í samræmi við þær. Nýjar samþykktir með á orðnum breytingum verði sendar sveitarfélögunum til kynningar og samþykktar.

4.2. Samvinnuverkefni heilbrigðiseftirlits og sveitarfélaga vegna hreinsunar á númerslausum bifreiðum og lausamunum.

Í 21. gr. reglugerðar um hollustuhætti 941/2002 kemur fram að heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun. Jafnframt er kafla í lögreglusamþykktum sveitarfélaganna um heimild sveitarfélaganna til að flytja burtu og taka í vörslu ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum. Framkvæmd þessara aðgerða er mismunandi milli sveitarfélaga og hefur heilbrigðiseftirlitið haft yfirumsjón með þessu verklagi í samvinnu við sveitarfélögin.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að samræma verklag við álímingar á númerslausum bifreiðum og skipuleggja þá framkvæmd í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að tryggja samræmd vinnubrögð í samræmi við lögreglusamþykktir og reglugerð um hollustuhætti.

4.3. Samkomulag um uppgjör dagsekta

Þann 11. október 2021 var undirritað samkomulag við Fylkir ehf. um uppgjör dagsekta sem lagðar voru á Fylki ehf. vegna fráveitumála í Tjaldanesi. Samkomulagið felur í sér fullnaðaruppgjör og hefur heilbrigðiseftirlitið aflýst því fjárnámi sem gert var til tryggingar greiðslu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir uppgjör dagsektanna.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 2. mars 2022

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykpta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falin útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Hörgatún 2, Garðabær – samkomusalur – endurnýjun starfsleyfis

Lögð fram umsókn Hrundar Rudolfsdóttur f.h. Veritas Capital ehf., kt. 530602-3380, dags. 03.02.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal að Hörgatúni 2, Garðabæ.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.02.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. *Álftröð 1 og 7 og Skólatröð 2,4,6,8 Kópavogur – starfsleyfi til niðurrifs*

Lögð fram umsókn Þorsteins A. Péturssonar f.h. WN ehf., kt. 680105-1110, dags. 04.01.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteigna að Álftröð 1,3,5,7 og Skólatröð 2,4,6,8, Kópavogi. Starfsleyfið var auglýst á vefssvæði HEF 14. janúar og komu engar athugasemdir á auglýsingatíma og var starfsleyfið samþykkt frá 20.02.2022 til 20.07.2022.

3. *Digranesvegur 79, Kópavogur – samkomusalur – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Jónínu Aðalsteinsdóttur, f.h. Skátafélagið Kópar, kt. 700371-2719, dags. 06.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir félagsstarfsemi og samkomusal að Digranesvegi 79, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. *Roðasalir 1, Kópavogur – hjúkrunarsambýli – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Einars Ellerts Björnssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 03.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarsambýli og dagdeild að Roðasölum 1, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. *Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – tannlæknastofa – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Inga Gunnlaugssonar, kt. 190554-3339, dags. 22.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs tannlæknastofu að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. *Bæjarlind 8-10, Kópavogur – trésmíðaverkstæði – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Guðmundar Ásgeirssonar, f.h. Á. Guðmundsson ehf., kt. 701266-0139, dags. 18.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir trésmíðaverkstæði að Bæjarlind 8-10, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. *Furugrund 83, Kópavogur – íþróttahús KR – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Elísabetar Stefánsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 08.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íþróttahús að Furugrund 83, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. *Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Elísabetar Stefánsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 08.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íþróttahús Digranes að Skálaheiði 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.12.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. *Ögurhvarf 2, Kópavogur – líkamsræktarstöð – ný starfsemi*

Lögð fram umsókn Svanlaugar Jóhannsdóttur, f.h. Betrumbót ehf./OsteoStrong., kt. 650122-2080 dags. 10.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð að Ögurhvarfi 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. *Dalshraun 1, Hafnarfjörður – líkamsræktarstöð – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Björns Leifssonar, f.h. Laugar ehf., kt. 631098-2079, dags. 08.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs líkamsræktarstöð World Class að Dalshrauni 1, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 15.12.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. *Flatahraun 3, Hafnarfjörður – félagsmiðstöð endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Lindu Hildar Leifsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 24.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, Hraunsel, að Flatahrauni 3, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 24.8.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

13. *Klettahraun 17, Hafnarfjörður – dreifing matvæla – ný starfsemi*

Lögð fram umsókn Hörpu Harðardóttur f.h. K17 Service ehf., kt. 410818-0860, dags. 19.01.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla með lögheimili að Klettahrauni 17, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhótel. Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2022. Starfsleyfi samþykkt, ótímabundið.

14. *Smiðjuvegur 20, Kópavogur – bifreiðaverkstæði – endurnýjun starfsleyfis*

Lögð fram umsókn Ingbórs Arnórssonar f.h. Bremsan ehf., kt. 701298-2339, dags. 04.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Smiðjuvegi 20, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 05.07.2021. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. *Desjamýri 8, Mosfellsbær – bifreiðaverkstæði – breyting á starfsleyfi*

Lögð fram umsókn Brynjólfs Flosasonar, f.h. Bílaleigan Ísak ehf., kt. 420911-0330, dags. 02.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bílaleigu og bifreiðaverkstæði að Desjamýri 8, Mosfellsbæ. Eftirlitsskýrsla dags. 03.03.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 9. mars 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falin útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Dalshraun 9, Hafnarfjörður – rafvéla verkstæði*

Lögð fram umsókn Grétars Frankssonar, f.h. Isotækni ehf., kt. 500197-2509, dags. 14.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs rafvéla verkstæðis að Dalshrauni 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074319.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. *Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – samkomuhús, veitingasala*

Lögð fram umsókn Valgarðs Más Valgarðssonar, f.h. Hraunbyggð ehf., kt. 420877-0139, dags. 28.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs íþróttaaðstöðu og veitingasölu að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078641.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.03.2022. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Furugrund 3A, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Bjarnadóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 30.11.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla (leikskólinn Efstahjalla) að Furugrund 3A, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 3.12.2021. Starfsleyfi samþykkt til 6. mánaða.

4. Hábraut 2, Kópavogur – samkomuhús

Lögð fram umsókn frá Molinn ungmennahús, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 24.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir menningarhús ungmenna að Hábraut 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2293825. Eftirlitsskýrsla dags. 03.03.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Langitangi 2a, Mosfellsbær – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar f.h. Hamrar hjúkrunarheimili ehf., kt. 690413-0780, dags. 14.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarheimili að Langatanga 2a, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2325543. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2022. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Garðatorg 4, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.01.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Te og kaffi, kt. 530484-0179 þar sem sótt er um viðbót við rekstrarleyfi fyrir veitingahús í fl. II við Garðatorg 4, Garðabæ. fnr.235-1679. Bæta við útiveitingum. Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 26.04.2021.

2. Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.02.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Nemendafélag Verslunarskólans, kt. 441079-0609, þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 3. mars 2022 frá kl. 22.00 – 02.00. Gestafjöldi 1300 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

3. Vallakór, Kórinng íþróttahús, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.02.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Par 3 ehf., kt. 630410-0960, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika þann 21.05.2022 frá kl. 18.00 – 23.00. Gestafjöldi 9900 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

4. Strandgata 53, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.02.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stellu Björg Kristinsdóttur kt. 010789-2499, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik þann 16. mars 2022 frá kl. 18.30 – 22.00. Gestafjöldi 700 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

Útgáfa tóbaksleyfa í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falið að gefa út tókakssöluleyfi fyrir hönd heilbrigðisnefndar.

1. *Helluhraun 1, Hafnarfirði – söluturn*

Lögð fram umsókn fyrir ÞR ehf., kt. 620310-0770, dags. 08.02.2022 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfis fyrir Jolli söluturn að Helluhrauni 1, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 07.05.2021. Leyfið er samþykkt.

2. *Krambúðin Firði, Hafnarfjörður – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn fyrir hönd Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 07.03.2022 þar sem sótt er um endurnýjun tóbaksleyfis fyrir Krambúðina Firði að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2021. Leyfisveitingu staðfest.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Jón Haukur Ingvason



Arna Björk Haglínisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Ingibjörg Hauksdóttir



Sigrún Edda Jónsdóttir